

Aðstöðumál

Framtíðarsýn knattspyrnudeildar

Inngangur

Á undanförunum árum hefur orðið töluverð fjölgun iðkenda hjá knattspyrnudeild. Á haustönn 2016 eru skráðir u.þ.b. 420 iðkendur hjá barna- og unglingaráði og tæplega 40 iðkendur í meistaraflokkum félagsins. Mikill metnaður er hjá deildinni að veita uppbyggjandi og skemmtilega þjónustu fyrir börnin ásamt því að gæði æfinganna séu þannig að afreksfólki fjölgi. Deildin hefur stutt við og hvatt til frekari menntunar hjá þjálfurum og í dag eru vel menntaðir og reynslumiklir þjálfarar í lang flestum stöðum hjá félaginu.

Knattspyrnudeildin leggur mikinn metnað í að öll börn í sveitarfélaginu sem vilja æfa knattspyrnu fái að æfa og að gæði æfinganna séu deildinni og sveitarfálaginu til sóma. Knattspyrnudeildin horfir nú fram á stórkostlegt tækifæri sem er að skapast á næstu árum. Feykilega stórir árgangar drengja eru að æfa hjá félaginu allt frá 6 ára upp í 16 ára því að brottfall iðkenda á þessum aldri heyrir nánast sögunni til. Sem dæmi má nefna að í dag eru 50 strákar á aldrinum 15-16 ára að æfa og heldur deildin úti þremur liðum í 3. flokki en fyrir 15 árum náðist ekki í lið í þessum aldursflokk. Á undanförunum 10 árum hefur brottfall 15-16 ára drengja minnkað úr 70-80% niður í innan við 10%. Þessir drengir æfa 5-6 sinnum í viku og er því forvarnargildi deildarinnar óumdeilanlegt. Það er á þessum aldri sem unglingar eiga á hættu að dragast inn í óæskilega hegðun, finna fyrir þunglyndi eða annað slíkt. Þetta gerist hugsanlega vegna þess að þau finna sér ekki stað eða tilgang í lífinu, en hver sem skýringin er þá er það margsannað að um leið og félagasamtökum tekst að halda börnum og unglingum lengur áhugasömum og þátttakendum í starfi félagsins þá dregur það úr óæskilegri hegðun og þeim vandamálum sem því fylgja. Þetta hefur knattspyrnudeildinni tekist afskaplega vel á undanförunum árum og erum við gríðarlega stolt af forvarnargildi þessarar lang stærstu deildar félagsins.

Brottfall stúlkna er hins vegar talsvert meira og hefur knattspyrnudeildin hug á að taka sérstaklega á því viðfangsefni. Hins vegar er staða aðstöðumála hjá deildinni, yfir vetrartímann, þannig að deildin má ekki lengur við frekari fjölgun iðkenda og því varla tími til að fara í sérstök átök til að fjölga þeim. Þetta þykir stjórn knattspyrnudeildar mjög bagalegt en engu að síður staðreynd sem erfitt er að horfast í augu við.


Eins og sést á Mynd 2 hefur iðkendum knattspyrnudeildar fjölgað um 30% frá því 2008, úr 321 iðkenda árið 2008 í 417 iðkendur árið 2016. Þessari fjölgun er mörgu að þakka. Barna- og unglingaráð félagsins hefur unnið frábært starf sem spurst hefur út, félagið hefur unnið markvisst í að ráða til sín eða mennta upp færari þjálfara og svo má ekki líta framhjá því að með tilkomu gervigrasvallarins stórbættist aðstaða deildarinnar. Allir þessir þættir og fleiri til hafa hjálpast að við að byggja upp knattspyrnudeildina, sem í dag er ein af allra fjölmennustu barna- og unglinga íþróttadeildum landsins.

Á Mynd 1 sést hvernig fjölgun í knattspyrnudeildinni hefur þróast í samnaburði við íbúapróun bæjarfélagsins síðan 2008. Eins og sjá má þá hefur prósentuleg fjölgun iðkenda í knattspyrnudeild verið ívið meiri en fjölgun bæjarbúa. Árleg meðaltals fjölgun bæjarbúa frá 2008 er 3.02% en árleg meðaltals fjölgun iðkenda í knattspyrnudeild er 3.60%.


Það sést hins vegar greinilega á Mynd 1 að prósentuleg fjölgun iðkenda á allra síðustu árum er talsvert umfram prósentulega fjölgun bæjarbúa. Þetta skýrist mjög líklega aðallega af tvennu; öflugra og betra starfi deildarinnar í fyrsta lagi og í öðru lagi af fjölgun ungra fjölskyldna með börn í



bæjarfélaginu. Á undanförunum árum hefur stórt hverfi í Leirvogstungu verið að byggjast upp og mikið af barnafólki flutt þar inn. Ef horft er til næstu ára þá má búast við svipaðri þróun, Leirvogstungan á eftir að fyllast enn frekar og svo er uppbygging Helgafellshverfis rétt nýhafin. Mosfellsbær hefur auglýst Helgafellshverfið fyrir ungar barnafjölskyldur og samfara því má gera ráð fyrir enn frekari fjölgun iðkenda í knattspyrnudeild. Knattspyrnudeildin hlakkar mikið til að taka vel á móti öllum þessum nýju iðkendum en til þess að það sé mögulegt verður aðstaðan til að veita þessa þjónustu að vera til staðar.



Mynd 1 Samanburðarþróun íbúafjölda í Mosfellsbæ og iðkenda fjölda knattspyrnudeildar Aftureldingar



Mynd 2 Þróun iðkenda fjölda hjá knattspyrnudeild 2008-2016

Sú aðstaða sem knattspyrnudeildin hefur yfir vetrartímann í dag (einn völlum) er alls ekki nægileg og takmarkar verulega þá þjónustu sem deildin vill geta veitt. Sem dæmi má nefna að allir drengjaflokkar deildarinnar, að 2. flokki undanskildum (7. flokkur – 3. flokkur) eru með yfir 50 iðkendur (50 – 70 iðkendur). Vegna þess að deildin hefur einungis einn völlum til umráða þurfa tveir flokkar ítrekað að samnýta völlum til æfinga. Þetta þýðir að oft á tíðum eru 100 – 120 drengir á æfingu á völlum í einu. Þetta er farið að hafa takmarkandi áhrif á gæði æfinga.

Hér á eftir er sett fram tillaga knattspyrnudeildar Aftureldingar til að bregðast við þeim aðstöðuvanda sem deildin og félagið stendur nú þegar frammi fyrir og svo næstu skref sem deildin telur nauðsynlegt að ráðast í strax í framhaldinu til að geta veitt nauðsynlega þjónustu við fyrirsjáanlega fjölgun iðkenda eins og getið er hér að framan.

Tillaga knattspyrnudeildar

Áfangi 1: Yfirbyggður ½ völlum, endurnýjun gervigrass á núverandi velli, búningsherbergi löguð tímabundið.

Áfangi 2: Stúka, búningsklefar, geymslur og félagsaðstaða við núverandi gervigrasvöllum

Áfangi 3: Gervigras, hitalagnir og flóðlýsing sett á Varmárvöllum

Áfangi 1

Yfirbyggður ½ völlum, endurnýjun gervigrass á núverandi velli, búningsherbergi löguð tímabundið.

Yfirbyggður ½ völlum

Eins og komið var að í inngangi þá eru það fyrst og fremst fleiri fermetrar sem vantar til að geta veitt viðunandi þjónustu við iðkendur og haldið uppi þeim gæðum á æfingum sem ætlast er til. ½ völlum til viðbótar við núverandi völlum myndi hjálpa mikið til við að laga núverandi ástand en ef horft er nokkur ár fram í tímann og við sjáum 20-30% fjölgun iðkenda þá er aðstaðan aftur sprungin.

Það er nauðsynlegt að knattspyrnudeildin fái viðunandi aðstöðu innanhúss og þar sem þessi tillaga gerir ekki ráð fyrir að reist verði knattspyrnuhús í fullri stærð þá þarf þessi ½ völlum að vera yfirbyggður. Knattspyrnudeildin fær afar fáa tíma inni í íþróttahúsi fyrir æfingar enda er sú aðstaða sem þar er barn síns tíma þegar horft er til knattspyrnuþjálfunar. Ef Afturelding og Mosfellsbær ætla að veita sömu þjónustu til knattspyrnuíðkunar og nágrannafélögin þá þarf að vera hægt að bjóða upp á þann möguleika að æfa inni yfir veturinn, þó ekki sé nema hluta æfinganna.

Inniaðstaða mun ekki einungis veita skjól fyrir yngstu iðkendurna yfir vetrartímann heldur mun slíkt hús gera deildinni kleift að starfræka það afreksstarf sem nú þegar hefur verið gerð beinagrind að en ekki hefur verið hægt að hrinda í framkvæmd vegna skorts á innanhúss aðstöðu. Einnig liggur það ljóst fyrir að gæði æfinga innanhúss eru talsvert betri en þegar berjast þarf við vind og úrkomu.

Hentug staðsetning fyrir svona yfirbyggðan ½ völlum er austan við íþróttahúsið þar sem gamli (litli) gervigrasvöllumurinn er í dag. Ekki er talið nauðsynlegt á að þetta hús sé hitað upp heldur fyrst og fremst skjól fyrir úrkomu og vindi. Það skal hins vegar tekið fram að með takmarkaðri upphitun (t.d. geislahitun í lofti) aukast gæði hússins verulega og myndi hugsanlega nýtast betur til íþróttakennslu í skólum fyrir vikið. Það kemur vel til greina að þetta hús yrði reist sem stálgrindarhús með dúk strekktum yfir.

Ekki hefur verið mælt fyrir húsinu austan við íþróttahúsið en hugsanlegt er að færa þurfi núverandi gervigrasvöllum aðeins austar til að koma húsinu fyrir.

Endurnýjun gervigrass á núverandi velli

Samhliða byggingu ½ knattspyrnuhúss þarf að endurnýja gervigrasmottuna á núverandi velli. Mottan sem er núna á vellinum er orðin meira en 10 ára gömul en gera þarf ráð fyrir því í rekstraráætlunum bæjarins að endurnýja þurfi gervigrasmottur sem eru utanhúss á 8-10 ára fresti. Talsvert er um að göt séu komin í mottuna og holur farnar að myndast þar sem veruleg hættu er á að iðkendur/keppendur snúi á sér ökkla eða jafnvel brjóti á sér fót. Þar sem gervigrasvöllurinn hefur um árabil verið eini æfingavöllur deildarinnar yfir vetrartímann, fyrir 350 – 400 iðkendur hefur álag á völlinn verið gríðarlega mikið og því slit á vellinum enn meira en upphaflega var áætlað. Það má búast við því að slit á völlum verði minna þegar hægt verður að dreifa álaginu á fleiri velli.

Aðstaða til fataskipta löguð

Í dag er takmörkuð aðstaða til fataskipta fyrir knattspyrnuíðkendur. Knattspyrnuíðkendur Aftureldingar hafa leyst þetta með því að klæða sig heima og í raun háir þetta lítið yngri iðkendum félagsins. Eldri iðkendur (meistaraflokkur) hafa fengið aðstöðu í elstu búningsherbergjum íþróttahúss sem er svo sem í lagi en þessir klefar eru einnig notaðir af öðrum iðkendum í íþróttahúsi. Það hefur því ítrekað komið upp að þegar kappleikir eru á gervigrasvellinum hafa ekki verið lausir klefar fyrir aðkomuliðin.

Eins og kemur fram hér á eftir þá telur knattspyrnudeildin nauðsynlegt að byggð verði félagsaðstaða með búningsherbergjum o.fl. í áfanga 2. Hins vegar telur deildin nauðsynlegt að laga þurfi búningsherbergja aðstöðu félagsins til bráðabirgða þangað til félagsaðstaðan er tilbúin. Þessi bráðabirgðalausn getur falið í sér bráðabirgðahúsnæði úti við gervigrasvöll eða breytingar á búningsklefa aðstöðu niðri í kjallara undir sundlaug (gömlu klefarnir). Þar gæti verið möguleiki að bæta við búningsklefa þar sem gamla félagsaðstaðan var.

Áfangi 2

Stúka, búningsklefar, geymslur og félagsaðstaða við núverandi gervigrasvöll

Í gegnum tíðina hefur Afturelding, sem félag, haft félagsaðstöðu á ýmsum stöðum. Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar hafði félagið fundar- og skifstofuaðstöðu í gömlu símstöðinni, sem síðar varð félagsmiðstöðin Bólið. Á einhverjum tímapunkti fékk félagið aðstöðu í Hlégarði og einnig í kjallaranum undir sundlauginni. Undanfarinn áratug hefur félagið haft skrifstofuaðstöðu í íþróttahúsinu en engin aðstaða er fyrir þjálfara til að sinna sínum störfum utan þjálfunarinnar og fundaraðstöðu fyrir foreldrafundi, kynningar og annað slíkt er mætti bæta.

Fjölgun iðkenda og uppgangur knattspyrnudeildarinnar hefur verið mikill á undanförunum árum. Þessi aukning í umfangi kallar á bætt félagsaðstöðu og í þessu samhengi á ekki eingöngu að horfa til knattspyrnudeildar heldur félagsins í heild sinni. Knattspyrnudeildin telur hins vegar ákjósanlegt tækifæri til að byggja upp þessa heildar félagsaðstöðu í stúkubyggingu knattspyrnuvallarins. Þessa stúkubyggingu er best að byggja við suðurhlið vallarins, á milli gervigrasvallar og Varmávallar. Þetta myndi skapa gottvægi á heildarsvæðinu og tengingu við íþróttahúsið að Varmá og bílastæði.

Knattspyrnudeildin hefur nú í meira en áratug notast við 40 m² skúr til að fullnægja allri sinni vetrarstarfssemi. Í þessum skúr eru öll aðföng deildarinnar geymd (boltar, vesti, keilur o.þ.h). Þarna eru haldnir þjálfarafundir, foreldrafundir, leikfundir og í raun allt sem tengist þjálfun iðkenda. Það er slæmt að félagið getur ekki boðið aðkomuliðum upp á aðstöðu til að fara inn í leikhléum. Mikið af keppnisleikjum fara fram yfir vetrartímann og nauðsynlegt er að geta veitt bæði okkar iðkendum, sem og iðkendum aðkomuliða, skjól fyrir íslensku vetrarveðri.

Áfangi 3

Gervigras, hitalagnir og flóðlýsing sett á Varmárvöll

Eins og komið hefur verið að áður þá mun ½ innanhúsvöllur leysa núverandi vandræði með æfingaaðstöðu að miklu leiti. Það er hins vegar ljóst að fjölgun iðkenda í deildinni mun fljótt sprengja þá aðstöðu utan af sér. Sem dæmi má nefna að í dag er félagið með sameiginlegt lið með Fram í 4. og 3. flokki stúlkna og enginn 2. flokkur er starfræktur. Þetta þýðir að stór hluti æfinganna hjá þessum aldursflokkum fer fram á aðstöðu Framara, sem minnkar álagið á gervigrasvöllinn okkar. Þetta hefur í raun bjargað því að hægt er með herkjum að koma öllum hinum flokkunum fyrir á vellinum. Knattspyrnudeildin hefur að sjálfsögðu metnað fyrir að styrkja kvennaknattspyrnuna og sér sóknarfæri í að fjölga þar verulega iðkendum. Þegar það verður að veruleika samhliða fjölgun vegna íbúafjölgunar mun 1 ½ völlum ekki nægja deildinni. Þess vegna leggur deildin til að í 3. áfanga uppbyggingarinnar verði farið í að setja gervigras, hitalagnir og flóðlýsingu á Varmárvöll. Þarna er svo komin önnur ástæða fyrir því að best væri að staðsetja stúku- og félagsaðstöðu bygginguna á milli núverandi gervigrasvallar og Varmárvallar. Þá næst mjög góð tenging við báða vellina og svæðið nær ákveðinni heildarmynd (sjá Mynd 3).

Stjórn knattspyrnudeildar gerir sér fyllilega grein fyrir að með því að setja gervigras á völlum útilokar það möguleikann á að iðka kastgreinar frjálsra íþróttar (spjót-, kringlu- og sleggjukast). Vilji sveitarfélagið halda úti aðstöðu fyrir þessar greinar þyrfti að finna þeim nýja aðstöðu.

Þó svo að hér sé verið að leggja til að setja gervigras og flóðlýsingu á Varmárvöll þá sér knattspyrnudeildin ekki fyrir sér annað en að sá völlum verði einungis æfingavöllum og keppnisvöllum yngri flokka ef svo ber undir. Knattspyrnudeildin sér fyrir sér að stúkan muni vera byggð við núverandi gervigrasvöll sem mun verða aðal keppnisvöllur félagsins.

Þegar þessum 3. áfanga verður lokið og aðstaðan samanstendur af 2 + ½ gervigrasvelli sem tengjast skemmtilega saman með nýju félagshúsi og stúku þá sér knattspyrnudeildin fyrir sér að aðstöðupörf deildarinnar sé fullnægt næstu áratuginna

Verkátun

Hér að aftan má sjá áfangaskiptingu og grófa verkátun fyrir þessa tillögu sem knattspyrnudeild Aftureldingar setur fram. Áætlunin er sett fram með hliðsjón af þeirri brýnu þörf á úrbótum sem nú þegar er upp komin en einnig er reynt að líta til rekstrarlegra þátta eins og líftíma gervigrass. Þess vegna er lagt til að uppbygging gervigrasvallar á Varmárvelli komi ekki á sama tíma og endurnýjun núverandi gervigrass.



Mynd 3 Yfirlitsmynd - Tillaga Knattspyrnuæildar

	2017		2018		2019		2020		2021	
	jan-jún	júl-des	jan-jún	júl-des	jan-jún	júl-des	jan-jún	júl-des	jan-jún	júl-des
Deiliskipulagsvinna										
Hönnun og útboð										
Áfangi 1										
Knattspyrnuhús 1/2 völlum										
Endurnýjun núverandi gervigrass										
Bráðabirgða búningaþstaða										
Áfangi 2										
Stúku- og félagsaðstöðu bygging										
Áfangi 3										
Gervigras og flóðlýsing á Varmárvöll										

Mynd 4 Verkáætlun og áfangaskipting